

Þriðjudaginn 20. febrúar 1990.

Nr. 481/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Mariasi Sveinssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Líkamsárás. Skilorð. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1989 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa lent í átökum við Steinunni Helgu Axelsdóttur og Sigurð Gunnar Bogason á Þingvöllum aðfaranótt 21. júní 1987. Sveinn Þröstur Gunnarsson var sjónarvottur að þessum átökum. Lýsing hans á atferli ákærða gagnvart þeim Steinunni Helgu og Sigurði Gunnari er mjög á sama veg og lýsingar þeirra, svo sem rakið er í héraðsdómi. Hann hefur m.a. skýrt svo frá, að Sigurður Gunnar hafi haltrað og verið illa kvalinn og óvirkur, eftir að ákærði sparkaði í hann. Þegar á þetta er litið, svo og vottorð lækna um meiðsli Steinunnar Helgu og Sigurðar Gunnars, þykir bera að staðfesta sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsíákvæða. Refsing ákærða þykir og hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Með hliðsjón af því, að ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur við almenn hegningarlög, þykir eftir atvikum mega skilorðsbinda refsinguna, eins og í dómsorði greinir.

Hér fyrir dómi kemur einungis til skoðunar miskabótakrafa Steinunnar Helgu Axelsdóttur, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, þykja miskabætur til hennar hæfilega ákveðnar 70.000 krónur. Vaxta hefur ekki verið krafist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði verður jafnframt dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Marías Sveinsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla eftir þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Steinunni Helgu Axelsdóttur 70.000 krónur í skaðabætur.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. október 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 18. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 483/1989: Ákærvaldið gegn Maríasi Sveinssyni, sem dómtekið var 12. þessa mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 20. mars 1989, á hendur Maríasi Sveinssyni, Réttarholtsvegi 87, Reykjavík, kennitala 300848-3709, „fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt 21. júní 1987 að Skógarhólum í Þingvallasveit ráðist á Steinunni Helgu Axelsdóttur, fædda 4. júlí 1946, slegið hana, sparkað í hana, tekið hana hálstaki og sveiflað henni í kringum sig, og er Sigurður Gunnar Bogason, fæddur 16. apríl 1939, hugðist koma Steinunni Helgu til hjálpar, ráðist á hann og sparkað í vinstri fótlegg hans, svo að hann féll við, og jafnframt þjarmað að honum liggjandi. Afleiðingarnar urðu þær, að Steinunn Helga tagnaði illa í hnakka og baki, hruflaðist í andliti og marðist framan á hálsi og Sigurður Gunnar brotnaði á vinstri ökkla og liðbönd á ökklanum slitnuðu.

Framangreint athæfi ákærða telst varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20,1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist“.

Verjandi ákærða flutti munnlega vörn 12. þessa mánaðar og gerði þá eftirfarandi dómkröfur. Aðallega, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins, og til vara, verði dæmd refsivist, að hún verði skilorðsbund-

in. Þá var gerð krafa um, að dæmd yrðu hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins.

Málsatvik.

Þann 23. júní 1987 kærði Steinunn Helga Axelsdóttir ákærða í máli þessu fyrir líkamsárás. Steinunn kvað ákærða hafa ráðist á sig og veitt sér áverka, þar sem Steinunn var stödd á hestamannamóti í Skógarhólum á Þingvöllum aðfaranótt 21. sama mánaðar. Steinunn kvað ákærða hafa slegið sig, sparkað í sig og rífið fót sín.

Sigurður Gunnar Bogason kærði ákærða í máli þessu þann 27. júlí 1987 fyrir líkamsárás. Sigurður kvaðst hafa verið staddur á hestamannamóti í Skógarhólum á Þingvöllum aðfaranótt 21. júní 1987, er ákærði hafi veitt sér áverka, er Sigurður reyndi að koma Steinunni Helgu Axelsdóttur til aðstoðar í átökum við ákærða.

Ákærði bar því í mót við lögregluýfirheyrslu 14. ágúst 1987 að hafa veitt þeim Steinunni og Sigurði áverka.

Verða nú raktir framburðir ákærða og vitna undir dómsmeðferð málsins.

Vitnið Steinunn Helga Axelsdóttir var yfirheyrt fyrir dómnum 17. maí sl. Steinunn Helga kvaðst hafa hitt ákærða á hestamannamóti í Skógarhólum í Þingvallasveit aðfaranótt 21. júní 1987. Steinunn Helga kvaðst hafa lent í rifrildi við ákærða vegna löngu liðinna atburða. Steinunn Helga kvaðst síðan hafa hitt ákærða öðru sinni þessa sömu nótt, er hún kvaðst hafa verið á leið á skemmtun um miðnæturleytið. Steinunn Helga kvað ákærða þá umsvifalaust hafa ráðist á sig. Steinunn Helga kvað ákærða hafa sparkað í sig og slegið sér utan í rétt. Steinunn Helga kvað Sigurð Gunnar Bogason hafa komið þar að og skilið sig og ákærða að, og kvað hún ákærða og Sigurð hafa tekist á um stund, en Steinunn Helga kvaðst hafa reynt að forða sér á meðan. Steinunn Helga kvað ákærða skömmu síðar hafa ráðist á sig öðru sinni og þá sveiflað sér í hring, slegið og sparkað í bak sér. Steinunn Helga kvað Svein Þröst Gunnarsson hafa skilið sig og ákærða að í þetta sinn og hafi Sveinn Þröstur leitt ákærða á brott. Steinunn Helga kvaðst nú enn hafa haldið á brott, og hafi ákærði þá skömmu síðar ráðist að sér í þriðja sinn og þá beitt sams konar barsmíðum og í fyrri skiptin. Steinunn Helga kvað í þetta sinn mann að nafni Þormar hafa veitt sér aðstoð, og kvaðst Steinunn Helga eftir það hafa komist inn í bifreið sína og læst að sér. Steinunn Helga kvaðst ekki vita frekari deili á Þormari þessum.

Vitnið Steinunn Helga var síðan yfirheyrt fyrir dómnum 1. júní sl. Steinunn Helga kvaðst ekki minnst þess að hafa veitt Sigurði Gunnari aðstoð, er hann lenti í átökum við ákærða, eftir að Sigurður Gunnar hafði komið Steinunni til aðstoðar. Steinunn Helga kvaðst hafa séð, er ákærði

„skallaði“ í höfuð Sigurði Gunnari, en ekki hafa orðið vitni að frekari átökum. Steinunn Helga kvaðst aðallega hafa hlotið áverka í átökunum, er Sigurður Gunnar Bogason kom til aðstoðar. Steinunn Helga kvaðst þó einnig hafa hlotið áverka í átökum við ákærða, er Sveinn Þröstur Gunnarsson kom til aðstoðar, og síðan, er Þormar kom til aðstoðar, en Steinunn kvaðst sem fyrr engin deili kunna á Þormari þessum.

Vitnið Sigurður Gunnar Bogason var yfirheyrt fyrir dóminum 17. maí sl. Sigurður Gunnar kvaðst hafa komið þar að í Skógarhólum í Þingvallasveit aðfaranótt 21. júní 1987, er ákærði var að misþyrma Steinunni Helgu Axelsdóttur. Sigurður kvað ákærða hafa sveiflað Steinunni til og frá og slegið höfði hennar utan í réttarvegg og hún síðan lent á bakinu og að sögn Sigurðar sýnilega hlotið mikið högg. Sigurður kvaðst hafa reynt að fá ákærða til að hætta árásinni, en ákærði hafi þá rifið í sig og „skallað“ í höfuð sér og sparkað í vinstri fótlegg, og kvaðst Sigurður þá hafa fallið við, en Sigurður kvað ákærða hafa haldið áfram að traðka á vinstra fæti sér og sparkað í sig, þar sem Sigurður kvaðst hafa legið. Sigurður kvað Steinunni Helgu hafa reynt að koma sér til aðstoðar með því að toga í ákærða, en þá hafi borið að bifreið og út stigið maður, og hafi sá skakkað leikinn. Sigurður kvað ákærða eftir þetta hafa haldið á brott, og þá hafi Sigurður séð til Steinunnar Helgu, sem hélt brott áleiðis að bílastæði þar skammt frá. Sigurður kvaðst eftir átökin hafa setið undir réttarvegg alla nóttina og ekki verið kallað á aðstoð fyrr en undir morgun, enda kvaðst Sigurður hafa talið, að hann hefði tagnað. Sigurður kvað síðan hafa komið í ljós, er stígvél var dregið af fæti sér, hvers kyns meiðsl hann hafði hlotið, og þá hafi verið kallað á aðstoð.

Vitnið Sigurður Gunnar var síðan yfirheyrt fyrir dóminum 5. júní sl. Sigurður bar þá efnislega á sama veg og áður, en kvað sig minna það, að Steinunn Helga hafi komið og reynt að skilja sig og ákærða að. Sigurður Gunnar kvað mann þann, er getið er um að framan, hafa komið að, er Sigurður Gunnar og ákærði áttu í átökunum, og kvaðst Sigurður hafa skriðið burt, eftir að maður þessi kom á vettvang, og sömuleiðis hafi Steinunn Helga komist á brott eftir þetta.

Vitnið Sveinn Þröstur Gunnarsson bar fyrir dóminum 17. maí sl. að hafa verið statt í Skógarhólum í Þingvallasveit aðfaranótt 21. júní 1987. Sveinn kvaðst hafa gengið fram á Steinunni Helgu og ákærða í átökum skammt frá rétt, sem þarna var. Sveinn kvaðst hafa skilið þau ákærða og Steinunni Helgu að og gengið á brott með ákærða. Sveinn kvaðst enn fremur hafa orðið vitni að átökum milli ákærða og Steinunnar Helgu einu sinni áður, en Sveinn hafði afskipti þar af. Sveinn kvaðst þannig hafa séð, hvar Sigurður Gunnar Bogason skildi þau ákærða og Steinunni Helgu að og að ákærði hafi „skallað“ í höfuð Sigurði Gunnari. Sveinn kvað Sigurð

Gunnar hafa verið draghaltan eftir átökin við ákærða. Sveinn Þröstur staðfesti lögregluskýrslu frá 16. september 1987, en þar lýsti Svein Þröstur því, er hann kom þar að, er ákærði hélt Steinunni Helgu í hálstaki og sveiflaði henni til og frá, og kvað Sveinn Þröstur það undrum sæta, að ákærði sneri Steinunni Helgu ekki úr hálsliðnum. Sveinn Þröstur bar einnig við þessa lögreglufyrirheyrslu um áverka, er Sveinn teldi ákærða hafa veitt Sigurði Gunnari á fæti.

Vitnið Sveinn Þröstur var enn yfirheyrt fyrir dóminum þann 5. júní sl. og bar þá efnislega á sama veg og fyrr. Sveinn kvað mann hafa komið að á bifreið og hafið að skipta sér af átökunum. Ekki þekkti Sveinn mann þennan. Sveinn Þröstur kvað Sigurð Gunnar Bogason hafa verið óvirkar, strax eftir að ákærði „skallaði“ hann og sparkaði í fótlegg hans.

Vitnið Halldór Einarsson Hjaltested var yfirheyrt hér fyrir dómi þann 10. október sl. Halldór kvaðst hafa hitt ákærða aðfaranótt 21. júní 1987 á hestamannamóti á Þingvöllum. Halldór kvað ákærða hafa verið ölvaðan og í talsverðu uppnámi vegna ryskinga, er átt höfðu sér stað, en Halldór kvaðst ekki hafa orðið vitni að ryskingunum og ekki hafa stillt þar til friðar.

Ákærði bar fyrir dóminum 16. maí sl. og vísaði ákærði því þá á bug að hafa framið háttsemi þá, er ákært er út af.

Ákærði bar að hafa verið staddur í Skógarhólum í Þingvallasveit aðfaranótt 21. júní 1987. Ákærði kvað Steinunni Helgu hafa ráðist á sig þessa nótt og kvað ákærði tilefnið hafa verið samtal, er ákærði kvaðst hafa átt við sambýlismann Steinunnar mörgum mánuðum og jafnvel árum fyrr. Ákærði kvaðst eftir árás Steinunnar Helgu hafa gengið á brott, og er ákærði var kominn að rétt þar skammt frá, hafi Sigurður Gunnar Bogason ráðist á sig. Ákærði kvað þá hafa tekist á um stund, og kvaðst ákærði hafa haft Sigurð undir, og hafi Steinunn þá aftur ráðist á sig. Ákærði kvaðst þá hafa stuggað við Steinunni og hún við það fallið í grasið, en enga áverka hlotið þar af. Ákærði kvað mann nú hafa komið að og skilið þá Sigurð.

Ákærði bar fyrir dóminum 17. maí sl., að maður hefði komið og skilið þá Sigurð Gunnar að, og kvaðst ákærði hafa gengið á brott með manni þessum.

Ákærði var yfirheyrdur fyrir dóminum 10. þ.m. og kvað ákærði nú engan utanaðkomandi aðila hafa skilið sig og Sigurð Gunnar Bogason að, svo sem ákærði hafði borið áður fyrir dóminum.

Ekki hefur tekist að hafa uppi á manni þeim, er sagður er hafa komið á vettvang og skilið þá ákærða og Sigurð Gunnar Bogason að, en síðasti framburður ákærða var á þann veg, að enginn utanaðkomandi aðili hefði skilið sig og Sigurð að.

Samkvæmt læknisvottorði Steinunnar Helgu Axelsdóttur hefur hún komið á slysadeild Borgarspítalans þann 22. júní 1987 vegna meiðsla þeirra, er um getur í ákærinni. Í lok læknisvottorðs Brynjólfs Mogenssens, dr. med., segir svo: „Ráðist var á Steinunni Helgu aðfaranótt 22/6 1987. Hlaut hún af mein í baki en þó sérstaklega í hnakka þar sem hún fékk m.a. spark í hnakka, snúið upp á höfuðið og reynt að kyrkja hana. Allt frá árásinni hefur Steinunn átt við þrálát vandamál frá hnakka að stríða með leiðslu út í axlir og út í hægri handlegg. Hún hefur farið í hefðbundna þjálfun án teljandi árangurs. Rtg-mynd af hnakka tekin 22/6 1987 leiddi ekki í ljós neinar óeðlilegar breytingar. Við skoðun 23/2 1988 var Steinunn mjög slæm og þarf að fara í mjög stífa meðferð ef árangur á að nást. Steinunn hefur því orðið fyrir mjög slæmum áverka og ekki er víst að hún verði betri frá því sem nú er.“

Þá liggur fyrir læknisvottorð Sigurðar Gunnars Bogasonar. Vottorð læknisins Stefáns Dalbergs hljóðar svo: „48 ára gamall karlmaður, lenti í ryskingum við annan mann þann 20.6.'87 og hlaut áverka á vi. ökkla. Innlagður á bæklunarskurðeild Landspítalans 21.6.'87. Röntgenmyndir sýndu brot á utanverðum ökkla, skoðun leiddi í ljós liðbandaslit á ökkla-um innanverðum.

Hann fór í aðgerð 1.7.'87, þar sem gert var að brotinu og liðböndin saumuð saman. Fóturinn gífsaður inn eftir aðgerð. Hann útskrifaðist 14.7.'87, gekk þá við hækjur.

Gífsið var tekið 18.8.'87, byrjaði þá að stíga í fótinn. Síðasta eftirlit 15.9.'87, gekk þá um án stuðnings en líttillega haltur. Hafði enn óþægindi frá vi. ökkla en þau fóru minnkandi. Áætlað var að hann yrði vinnufær fljótlega.“

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, hefur ákærði borið af sér að hafa veitt þeim Sigurði Gunnari Bogasyni og Steinunni Helgu Axelsdóttur áverka og að hafa framið þá háttsemi, er ákært er út af.

Vitnin Steinunn Helga Axelsdóttir, Sigurður Gunnar Bogason og Sveinn Þröstur Gunnarsson hafa öll borið efnislega á sama veg um meinta háttsemi ákærða aðfaranótt 21. júní 1987. Ekkert er fram komið í málinu, er bendir til annars en að þau Steinunn og Sigurður hafi hlotið áverka þá, er um getur í ákæruskjalinu og getið er um í læknisvottorðum þeim, er rakin voru, eftir átök við ákærða.

Með vísan til alls ofanritaðs telur dómurinn sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að ákærði hafi framið alla þá háttsemi, er ákært er út af. Árás ákærða á Steinunni Helgu var hrottafengin, svo sem rakið hefur verið, og tilefnislaus, að því er virðist. Þá var árás ákærða á Sigurð Gunnar svo

harkaleg, að Sigurður Gunnar brotnaði á vinstri ökkla og liðbönd á ökkla-um slitnuðu, en Sigurður Gunnar var að koma Steinunni Helgu til hjálpar, er ákærði réðst að Sigurði Gunnari. Afleiðingar háttsemi ákærða voru mjög alvarlegar, svo sem læknisvottorð bera með sér, en afleiðingarnar urðu þær, er greinir í ákærunni.

Brot ákærða varða við þau lagaákvæði, er í ákærunni greinir.

Guðný Höskuldsdóttir hrl. hefur lagt fram bótakröfu f.h. Steinunnar Helgu Axelsdóttur. Krafan hljóðar svo:

Skemmdir á fatnaði	kr.	5.500
Peysa	—	3.000
Gallabuxur	—	3.000
Sjúkraþjálfun	—	2.400
Miskabætur	—	500.000
<u>Samtals</u>		<u>kr. 513.900</u>

Ekki er höfð uppi vaxtakrafa.

Engar kröfur hafa komið fram af hálfu Sigurðar Gunnars Bogasonar. Ákærði hefur vísað bótakröfunni á bug.

Engin gögn eru til stuðnings kröfunni um bætur fyrir skemmdir á fatnaði eða fyrir kröfunni um bætur fyrir skemmdir á peysu eða gallabuxum. Þá hafa engin gögn verið lögð fram, sem sýna, að Steinunn Helga hafi þurft að greiða kr. 2.400 fyrir sjúkraþjálfun. Er þessum kröfum því vísað frá dómi.

Svo sem læknisvottorð Steinunnar Helgu ber með sér, er ljóst, að hún hefur haft mikil óþægindi vegna áverka þeirra, er ákærði veitti henni. Þykir því rétt að dæma Steinunni Helgu miskabætur, er teljast hæfilega ákveðnar kr. 100.000, en svo sem rakið var, þá eru ekki hafðar uppi kröfur um vexti, og verða vextir því ekki dæmdir.

Ákærði var á árinu 1968 dæmdur til sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot. Árið 1971 hlaut ákærði 15 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot og 5 daga varðhald á árinu 1972 fyrir sams konar brot. Þann 1. október 1987 gekkst ákærði undir sátt og var gert að greiða kr. 20.000 í sekt og var sviptur ökuleyfi í 12 mánuði.

Ákærða verður hér ákvörðuð refsing með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, vegna dómsáttar frá 1. október 1987.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 30.000 í málsvarnarlaun til Þorsteins Eggertssonar hdl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Marías Sveinsson, sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði greiði Steinunni Helgu Axelsdóttur kr. 100.000 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 30.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Þorsteins Eggertssonar héraðsdómslögmanns.
